

**111. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, fimmtudaginn 14.  
október 2021 og hófst hann kl. 10:00.**

**Fundinn sátu:**

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Aðalsteinn Egill Traustason aðalmaður og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

**Embættismenn:**

Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

**Dagskrá:**

**1. Gjaldskrár 2022 - 2021050043**

Á 1170. fundi bæjarráðs, þann 4. október 2021, voru lagðar fram gjaldskrár 2022, ásamt minnisblaði Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, dags. 1. október 2021, um tillögur að breytingum á gjaldskrám Ísafjarðarbæjar.

Einnig lagt fram minnisblað Axels R. Överby, dags. 3. september 2021, er varðar gjaldskrá sorphirðu.

Bæjarráð vísaði gjaldskrá sorphirðu aftur til umhverfis- og framkvæmdanefndar til frekari vinnslu, og kallaði jafnframt eftir frekari gögnum varðandi kostnað og tekjur af sorphirðu.

*Í ljósi þess að málaflokkurinn hefur verið rekinn með halla undanfarin ár, og vegna þess að samningur við verktaka er bundinn við aðra vísitölu, er lagt til að hækka gjaldskrá um 9.85%. Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja gjaldskrá sorphirðu fyrir árið 2022.*

**2. Drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu -til samráðs - 2021100016**

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 184/2021 - Drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu. Umsagnarfrestur er til og með 22.10.2021.

Umsagnir verða birtar í gáttinni jafnóðum og þær berast.

[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3053](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3053)

Niðurstöður samráðsins verða birtar í gáttinni þegar unnið hefur verið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem bárust.

*Lagt fram til kynningar.*

**3. Úttekt frárennislagna 2016 - 2016110066**

Kynntur er tölvupóstur frá Pétri Blöndal dags. 17. sept. 2021, f.h. Iðnvers, vegna

úrbóta í fráveitumálum.

*Lagt fram til kynningar.*

**4. Funi Engidal - viðhald mannvirkis - 2021100033**

Lagður er fram tölvupóstur frá Ralf Trylla dags. 6 sept. 2021.

*Lagt fram til kynningar.*

*Umhverfis- og framkvæmdanefnd þakkar fyrir erindið og leggur til að forsvarsmenn sorpmóttöku Funa í Engidal verði kallaðir til funda til að ræða úrbætur.*

**5. Númerslausir bílar í Ísafjarðarbæ - Málsmeðferð - 2021050028**

Staða á verkferli vegna númeralausra bíla.

*Umhverfis- og framkvæmdanefnd óskar eftir fundi með Heilbrigðisnefnd Vestfjarða og að verkferlar varðandi geymslu og eyðingu á númeralausum bílum verði skýrir.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:35**

---

Nanný Arna Guðmundsdóttir

---

Aðalsteinn Egill Traustason

---

Magnús Einar Magnússon

---

Helga Þuríður Magnúsdóttir